

Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um sjerstaka reikninga yfir tekju- 60
skatt. — Samkvæmt tillögum hinnar umboðslegu endurskoðunar, ákveð jeg hjermeð, að 10. maí.
 þær skilagreindir yfir tekjuskatt af eign og atvinnu, er eptir þeirri fyrirmynd er fyrirskipuð
 var með brjefi landshöfðingja 20. október 1880 (B. 157) hingað til hafa verið innlimaðar
 í manntalsbókarreikninga sýslumanna og bæjarfógeta verði framvegis sendar og afgreiddar
 sem sjerstakir reikningar fyrsta sinn fyrir fjárhagsárið 1883.

Þetta læt jeg ekki hjálíða þjónustusamlega að gefa yður til vitundar, herra amt-
 maður, og skal skora á yður að birta það hlutaðeigandi reikningshöldurum þeim til
 eptirbreytni.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir vesturamtinu um skyldu póst 61
gufuskipanna til að greiða áskriptargjald. — Með þóknanlegu brjefi yðar, herra amt- 16. maí.
 maður, dags. 7. p. m. hafið þjer sent mjer til úrlausnar fyrirspurn sýslumannsins í
 Strandasýslu um það hvort skoða skuli póstgufuskipin, þegar þau ferma eða afferma vörur
 á einhverri höfn sem verzlunarskip að því er snertir gjaldskyldu fyrir áritun á skjöl þeirra
 og hvort nefndum sýslumanni því beri að ábyrgjast landssjóðnum skil á venjulegu
 áskriptargjaldi fyrir komu póstgufuskipins Romny á Reykjarfjörð í síðastliðnum sept-
 emburmánuði.

Útaf þessu vil jeg þjónustusamlega tjá yður, yður til leiðbeiningar og til þess
 þjer birtið það, að jeg er yður samdóma um að kveða þer já við ofangreindri fyrirspurn.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í Suðuramtinu um gjald fyrir þinglestur 62
á merkjalýsingum. — Í þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, dags. 5. p. m. hafið 16. maí.
 þjer borið undir úrskurð minn fyrirspurn sýslumannsins í Árnessýslu um það, hvort eigi
 beri að heimta hið venjulega þinglestursgjald fyrir þinglestur á landamerkjalýsingum
 samkvæmt landamerkjalögum 17. marz f. á. með því að lögin ekki gjöri neina undan-
 págu í þessu tilliti og hafið þjer getið þess að þjer fenguð eigi betur sjeð, en að fyrir
 þinglestur á skjölum þessum beri að greiða gjald samkvæmt aukatekjureglugjörð 10.
 sept. 1830 30. gr. sbr. 29. gr. i. f.

Útaf þessu vil jeg hjermeð þjónustusamlega tjá yður, yður til leiðbeiningar og
 til þess þjer birtið það, að jeg er yður fullkomlega samdóma um hvernig svara beri
 spurningu þeirri, er hjer ræðir um.

A u g l ý s i n g.

Samkvæmt fjárlögum fyrir 1882 og 1883 § 10, C, 4., á landshöfðingi að 19. maí.
 úthluta helmingnum af þeim 20,000 kr., sem veittar eru til eflingar búnaði fyrir árið
 1883, eða 10,000 kr. til sýslunefnda og bæjarstjórna, að hálfu eptir fólksfjölda og að
 hálfu eptir samanlagðri tölu jarðarhundraða og lausafjánhundraða, og hefir fje þessu verið
 jafnað niður á sýslu- og bæjar-fjelögin á sama hátt sem gjört var í fyrra um samkyns
 fjárveitingu fyrir 1882, að öðru leyti en því að lausafjánhundruðin hafa nú verið talin